

Breytingartillögur C-nefndar við texta í áfangaskjali¹

með skýringum²

Lagt fram til afgreiðslu (1.-7. gr.) á 9. fundi Stjórnlagaráðs 19. maí 2011

DÓMSTÓLAR

(Kafli samþykktur í áfangaskjal á 7. ráðsfundi þann 5. maí)

Kaflaheitið „Dómstólar“

Breytingartillaga	Kaflaheiti eftir breytingu	Kaflaheiti í áfangaskjali nú
DÓMSVALDIÐ	DÓMSVALDIÐ	DÓMSTÓLAR

Skýring:

Nefndin taldi rétt að vísa til þess þáttar ríkisvalds sem um er fjallað í stað þess að nefna handhafa valdsins á þessum stað.

1. gr. Skipan dómstóla


Breytingartillaga	Eftir breytingu	Í áfangaskjali nú
Engin breyting.	Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.	Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.

2. gr. Sjálfstæði dómstóla

Breytingartillaga	Eftir breytingu	Í áfangaskjali nú
Engin breyting.	Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.	Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur gefur til kynna breytingu eða viðbót frá fyrri tillögu.



3. gr. Lögsaga dómstóla (Verksvið)

Breytingartillaga	3. gr. eftir breytingu	3. gr. í áfangaskjali nú
<p>Fellur út í 2. mgr. 3. gr. „að því marki sem á það reynir í dómsmáli“.</p> <p>Við bætist ný 3. mgr. 3. gr. „Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga“.</p>	<p>Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.</p> <p>Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá.</p> <p>Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga.</p> <p>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.</p>	<p>Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.</p> <p>Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá að því marki sem á það reynir í dómsmáli.</p> <p>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.</p>

Skýring:

Tengist nýrri 7. gr. um sérskipaðan Hæstarétt í hlutverki stjórnlagadómstóls. Þetta á ekki að breyta kröfum um lögvarða hagsmuni sem einstaklingur eða lögaðili verður að sýna fram á í dómsmáli.


Vald fært frá Alþingi til dómstóla varðandi almennar kosningar, þjóðaratkvæðagreiðslur og aðrar atkvæðagreiðslur sem haldnar eru á vegum hins opinbera. Tengist viðbótarhlutverkum Hæstaréttar. Löggjafanum falið vald til að ákveða með lögum hvert skuli sækja mál á fyrsta stigi.

4. gr. Hæstiréttur Íslands

Breytingartillaga	Eftir breytingu	Í áfangaskjali nú
<p>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi</p>	<p>Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.</p> <p>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.</p>	<p>Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.</p> <p>Ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til dómstóla.</p>

Skýring:

Nefndin vill skerpa á að um algera undantekningu sé að ræða frá lögsögu Hæstaréttar.



5. gr. Skipun dómara

Breytingartillaga	Eftir breytingu	Í áfangaskjali nú
Lögbundin nefnd	<p>Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.</p> <p>[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.</p> <p>Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.</p>	<p>Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.</p> <p>[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.</p> <p>Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.</p>

Skýring:


Ætlunin er að nefndin sé skipuð í samræmi við lög en ekki með lögum.

6. gr. Sjálfstæði dómara

Breytingartillaga	Eftir breytingu	Í áfangaskjali nú
Engin breyting.	Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.	Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

7. gr. [...]

Breytingartillaga	
<p>Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.</p> <p>[Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum.]</p>	



Skýring:

Þessi grein er ný og kemur inn í stað kafla um stjórnlagaráð eða Lögréttu eins og nefndin hafði áður unnið með. Greinin fjallar um skipan Hæstaréttar þegar hann fjallar um ákveðin mál sem nánar eru nefnd, þ.e. um ráðherraábyrgð og mat á stjórnskipulegu gildi laga og stjórnarathafna.

Lagt er í hendur Alþingis að ákveða nánar hvernig stofnunin velur einstaklinga í fjölskipaðan Hæstarétt, en ekki er gert ráð fyrir að þeir þurfi að uppfylla almenn hæfisskilyrði dómara, en hafa yfir að búa þekkingu sem nýtist.

Ekki var samstaða um heiti greinarinnar.

Fylgiskjal

B-nefnd taki til skoðunar eftirfarandi tillögur undir „*Hlutverk og störf Alþingis*“

1. tillaga C-nefndar til B-nefndar:

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða [forseti Íslands], getur vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög eða stjórnarathafnir samrýmist stjórnarskrá.

Skýring:

Með þessu er boðið upp á þann möguleika að minnihluti þings eða þingnefnd geti ákveðið að fela Hæstarétti að dæma hvort lög, hvort sem nýsamþykkt eða önnur, standist stjórnarskrá. Með sama skapi geta sömu aðilar falið Hæstarétti að dæma um hvort handhafar ríkisvalds hafi gerst brotlegir við stjórnarskrána. Greinina ber að skoða í samræmi við grein í kafla um dómstóla um samsetningu Hæstaréttar við slíkar aðstæður.

2. tillaga C-nefndar til B-nefndar:

Alþingi kýs fimm menn í Lögréttu til fimm ára.

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða [forseti Íslands] getur óskað eftir álit Lögréttu hvort frumvarp til laga standist stjórnarskrá.

Skýring:

Hér er lagt til að Alþingi komi á fót ráðgefandi nefnd lögfróðra manna utan þings sem veitt getur álit um það hvort frumvörp til laga, eða önnur mál sem þingið hyggst afgreiða, standist stjórnarskrá. Alþingi er nánar falið að útfæra lög um Lögréttu, svo sem það hverjir mega þar eiga sæti, og hver almenn málsmeðferð skuli vera.

3. tillaga C-nefndar til B-nefndar:

B-nefnd er falið að skoða hvort og hvernig ákærum á hendur ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skuli fyrirkomið í stjórnarskránni.